



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 15. desember var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Kristín Björk Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Halldór Gunnar Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir verkefni frá síðasta fundi og það sem framundan er. Skýrsla sveitarstjóra var flutt munnlega og til kynningar.

#### 2. Rekstraryfirlit sveitarfélagsins jan.-nóv. 2021 og fjárfestingayfirlit jan.-des. 2021

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins frá jan.-nóv. 2021 og fjárfestingayfirlit frá jan.-des. 2021 sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Fram kom að rekstrarniðurstaða tímabils er 9 m.kr. betri en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir. Miðað við sama tímabil 2020 er staðan 22 m.kr. betri.

#### 3. Viðauki við fjárhagsáætlun 2021

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2021. Um er að ræða tilfærslu milli deilda innan málaflokks Fræðslu- og uppeldismála.

Annars vegar er gert ráð fyrir breytingum vegna lækkunar á áætluðum kostnaði vegna skólamötuneytis upp á 1,575 m.kr. og hins vegar hækkun á mótí um sömu upphæð vegna sameiginlegra liða skólaþjónustu.

Viðauki vegna rekstrar er því nettó kr. 0,-.

Sveitarstjórn ræddi tillögu að viðauka og samþykkti samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.



#### 4. Reglur Sveitarfélagsins Skagastrandar um úthlutun lóða

Fyrir fundinum lágu drög að reglum sveitarfélagsins vegna úthlutunar lóða sem sveitarstjórn ræddi. Var afgreiðslu vísað til næsta fundar sveitarstjórnar.

#### 5. Viljayfirlýsing HMS og Sveitarfélagsins Skagastrandar

Fyrir fundinum lá undirrituð viljayfirlýsing HMS og sveitarfélagsins sem undirrituð var þann 12. janúar sl. Efni viljayfirlýsingarinnar varðar fjölgun íbúða á Skagaströnd og eflingu stafrænnar stjórnsýslu. Sveitarstjórn staðfesti umrædda viljayfirlýsingu.

#### 6. Skrá yfir störf hjá Sveitarfélaginu Skagaströnd sem eru undanþegin verkfallsheimild

Tekin fyrir tillaga að verkfallslista Sveitarfélagsins Skagastrandar, auglýsing um skrá yfir störf hjá sveitarfélaginu sem eru undanþegin verkfallsheimild, skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna með síðari breytingum, er falla undir 5.-8. tölulið.

Listinn var sendur til viðkomandi stéttarfélaga til umsagnar og óskað var svara eigi síðar en 5. janúar 2022.

Viðbrögð hafa borist frá öllum félögum.

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum framlagðan lista.

##### Starfsheiti:

Sveitarstjóri	1,0 stg.	
Bæjarverkstjóri	1,0 stg.	BSRB Kjölur
Starfsmenn hafnar	1,3 stg.	BSRB Kjölur
Forstöðumaður Íþróttahúss/sundlaugar	1,0 stg.	ASÍ Samstaða
Launafulltrúi/bókari/gjaldkeri	2,0 stg.	BSRB Kjölur
Skólastjóri grunnskóla	1,0 stg.	KÍ, Skólastjórafélag Íslands
Aðstoðarskólastjóri grunnskóla	1,0 stg.	KÍ, Skólastjórafélag Íslands
Slökkviliðsstjóri	0,3 stg.	BSRB Kjölur
Húsvörður skólamannavirkja	1,0 stg.	ASÍ Samstaða

#### 7. Jafnlaunavottun

Vegna jafnlaunavottunar sveitarfélagsins þarf sveitarstjórn m.a. að samþykkja mannauðs- og jafnlaunastefnu.



**a. Mannauðsstefna**

Fyrir fundinum lágu drög að mannauðsstefnu sveitarfélagsins sem sveitarstjórn ræddi og samþykkti með áorðnum breytingum.

**b. Jafnlaunastefna**

Fyrir fundinum lágu drög að jafnlaunastefnu sveitarfélagsins sem sveitarstjórn ræddi og samþykkti með áorðnum breytingum.

**8. Sala eigna**

**a. Suðurvegur 22**

Fyrir fundinum lá samþykkt kauptilboð í fasteign sveitarfélagsins að Suðurvegi 22, fasteignanúmer F2139021 – Merking 01 0101. Var sveitarstjóra falið að ganga frá sölu á eigninni og undirrita öll nauðsynleg skjöl í tengslum við söluna.

**9. Bréf**

**a. Stefán Velemir dags. 30. desember 2021**

Með erindinu er óskað eftir rökstuðningi vegna úthlutunar lóðar við Hólanesveg 6 sbr. ákvörðun hafnar- og skipulagsnefndar þann 22. nóvember sl. og staðfestingar sveitarstjórnar á fundi þann 29. nóvember sl.

Sveitarstjórn vísar erindinu til hafnar- og skipulagsnefndar.



## 10. Fundargerðir

### a. Stjórnar sjávarútvegssveitarfélaga dags. 13. desember 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

### b. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 14. janúar 2022

Fundargerð lögð fram til kynningar.

## 11. Önnur mál

### a. Vegna strandveiða

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun sem sveitarstjórn tók undir samhljóða:

*Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar hvetur hæstvortan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að hverfa frá 1.500 tonna niðurskurði aflaheimilda til strandveiða árið 2022. Sveitarstjórn telur að embættisverk ráðherra ættu að miða að því að tryggja strandveiðiflotanum nægar heimildir til þess að stunda veiðar 48 daga á ári enda myndi slíkt styrkja sjávarbyggðir um land allt. Á síðasta fiskveiðiári lönduðu 34 bátar strandveiðiafla á Skagaströnd sem nam um 613 tonnum eða um 5% strandveiðiafla á landinu öllu. Umtalsverð nýliðun hefur átt sér stað innan smábátaútgerðar á Skagaströnd á undanförmum árum sem tengja má beint við strandveiðikerfið.*

### b. Ósk um lausn undan störfum í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar

Fyrir sveitarstjórn lá beiðni um lausn undan störfum í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar frá Róberti Kristjánssyni fulltrúa H-lista frá og með 1. febrúar 2022.


Beiðnin var samþykkt samhljóða og var sveitarstjóra falið að gefa út erindisbréf fyrir Hrefnu Dögg Þorsteinsdóttur sem tekur hans stað. Var Róberti þakkað fyrir vel unnin störf og samstarfið á kjörtímabilinu.


Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 11:30

  
Halldór G. Ólafsson

  
Péturína Laufey Jakobsdóttir

  
Róbert Kristjánsson

  
Guðmundur Egill Erlendsson

  
Kristín B. Leifsdóttir

  
Alexandra Jóhannesdóttir